Ed. **918. Frumvarp til laga** [268. mál]

um Iðntæknistofnun Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

Samhljóða þskj. 757 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:
Stofnunin tekur við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands.
Aðild framangreindra stofnana að Rannsóknaráði ríkisins, sbr. 2. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, skal haldast.

15. gr. hljóðar svo:
Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 31 16. apríl 1971, um Iðnþróunarstofnun Íslands, VI. kafla laga nr. 64 31. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:
Gjald samkvæmt 45. gr. laga nr. 64 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, skal innheimt til loka ársins 1978 og renna til Iðntæknistofnunar Íslands.